

Foreldrakönnun Skólapúlsins 2017-2018.

Könnunin er lögð fyrir í febrúar 2018. Svarhlutfall var 76,2%. Könnunin er liður í sjálfsmati Grunnskóla Fjallabyggðar.

Niðurstöður eru ýmist birtar í prósentutölum eða stigum. Stigin eru meðaltöl mæligilda á bilinu 0-10 og prósentutölurnar eru hlutfall svarenda sem velja tiltekna svarmöguleika. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Skólinn er borinn saman við skóla af sambærilegri stærð og aldurssamsetningu.

Sterkar hliðar.

- Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra mælist 74,5% en 72% í sambærilegum skólum. Munurinn er ekki marktækur.
- Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda mælist meiri en í sambærilegum skólum. Munurinn er 6,4% og er marktækur munur. Ánægja foreldra hefur aukist frá síðasta ári en þá var munurinn jákvæður um 3,6%.
- Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum mælist 9,8% meiri en í sambærilegum skólum. Munurinn er ekki marktækur.
- Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans er 4,5% meiri en í sambærilegum skólum. Munurinn er ekki marktækur.
- Hlutfall nemenda í tómsundabjónustu/frístundaheimili mælist 70,4% í könnuninni en 58,9% í sambærilegum skólum. Mismunurinn er 11,5% og er marktækur.
- Ánægja foreldra með heimasíðu skólans mælist 86,8% en 78,9% í sambærilegum skólum. Mismunurinn er 7,9% og er talinn marktækur.
- Hæfileg heimavinna að mati foreldra mælist 82,7% en 73,4% í sambærilegum skólum. Mismunurinn er 9,3% og talinn marktækur.

Veikar hliðar.

- Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum er síðri en í sambærilegum skólum. Mismunurinn er 0,2 stig og telst marktækur.
- Ánægja foreldra með stjórnun skólans er mun lakari en í sambærilegum skólum, mismunurinn er 7,2% og telst marktækur. Ánægja foreldra hefur minnkað um 9,1% á milli ára.
- Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur er síðri en í sambærilegum skólum og mælist 4,4 stig. Ánægja foreldra hefur minnkað um 0,4 stig á milli ára og er mismunurinn marktækur.
- Meðaltímabil eineltis mælist með 2,4 stig en mælist með 1,4 í sambærilegum skólum. Munurinn er 1 stig og telst marktækur. Meðaltímabilið hefur vaxið um 0,4 stig á milli ára í GF.
- Ánægja foreldra með mötuneyti mælist 69% en 73,3% í sambærilegum skólum.
- Notkun á nótuneyti mælist 77,8% en 88,9 í sambærilegum skólum. Mismunurinn er 11,1% og talinn marktækur.